

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 18. desember 1986

um samræmingu á lögum aðildarríkjanna er varða sjálfstætt starfandi umboðssölu-
menn

(86/653/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 2. mgr. 57. gr. og 100. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Höft á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu í verslun, iðnaði og handverki voru afnumin með tilskipun 64/224/EBE ⁽⁴⁾.

Sá mismunur sem er á lögum aðildarríkjanna um umboðsverslun hefur veruleg áhrif á samkeppnis-kilyrði og viðgang þeirrar starfsemi innan bandalagsins og er skaðlegur bæði hvað varðar öryggi umboðssölu-manna gagnvart umboðsendum þeirra og hvað varðar verslunarviðskipti. Auk þess gerir þessi mismunur gerð og framgang samninga um umboðsverslun mun erfiðari en feni standa til þegar umboðsendur og umboðssölu-menn hafa ekki staðfestu í sama aðildarríki.

Vöruviðskipti aðildarríkjanna eiga að fara fram við svipuð skilyrði og væri um einn markað að ræða, af þessu leiðir að samræma verður réttarkerfi aðildarríkjanna að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til viðgangs hins innri markaðar. Ljóst er í þessu sambandi að reglur um lagaágreiningu hvað snertir umboðsverslun eyða ekki því ósamræmi sem að framan getur jafnvel þó þær væru samræmdar, þess vegna þarf sú samhæfing sem áður var nefnd að eiga sér stað þrátt fyrir reglurnar.

Í ljósi þessa verður lagalegt samband umboðssölu-manns og umboðanda hans að hafa forgang.

Við samræmingu á lögum aðildarríkjanna um umboðssölu-menn er rétt að fylgja þeim meginreglum sem fram koma í 117. gr. sáttmálans og taka mið af þeim framförum sem

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 13, 18.1. 1977, bls. 2; Stjtið. EB nr. C 56, 2.3. 1979, bls. 5.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 239, 9.10. 1978, bls. 17.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 59, 8.3. 1978, bls. 31.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. 56, 4.4. 1964, bls. 869/65.

þegar hafa náðst á þessu sviði.

Þau aðildarríki sem þurfa að gera sérstakt átak til að aðlaga reglugerðir sínar, einkum þær er varða bætur vegna uppsagnar samnings milli umboðanda og umboðssölu-manns, að kröfum þessarar tilskipunar skulu fá til þess sérstakan aðlögunartíma.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

1. Þær samræmingarráðstafanir sem lýst er í þessari tilskipun skulu eiga við þau lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna sem ákvarða sambandið milli umboðssölu-manna og umboðanda þeirra.

2. Að því er þessa tilskipun varðar merkir „umboðssölu-maður“ sjálfstætt starfandi millilið sem hefur varanlegt leyfi til að semja um kaup eða sölu á varningi fyrir hönd annars einstaklings, hér eftir nefndur „umboðandi“, eða til að semja um og koma á slíkum viðskiptum fyrir hönd og í nafni þess sama umboðanda.

3. Eftirtaldir aðilar teljast ekki umboðssölu-menn samkvæmt þessari tilskipun:

- einstaklingur sem vegna starfa sinna sem yfirmaður hefur aðstöðu til að gera skuldbindandi samninga fyrir hönd fyrirtækis eða félags,
- meðeigandi sem hefur lagalegan rétt til að gera skuldbindandi samninga fyrir hönd annarra meðeiganda,
- bústjóri, bústjóri og stjórnandi, skiptastjóri eða skiptaforstjóri í gjaldþrotamáli.

2. gr.

1. Tilskipun þessi tekur ekki til:

- umboðssölu-manna sem þiggja ekki greiðslur fyrir störf sín,

- umboðssölumanna sem starfa við hrávöruverslun eða á hrávörumarkaði, eða
- aðalumboðssala (*Crown Agents*) sem annast viðskipti við erlend ríki og tóku til starfa með samþykkt samnefndra laga í Breska konungsríkinu árið 1979.

2. Sérhvert aðildarríki hefur rétt til að ákveða að tilskipunin taki ekki til þeirra einstaklinga sem samkvæmt skilgreiningu laga þess aðildarríkis hafa umboðssölumennsku að aukastarfi.

II. KAFLI

Réttindi og skyldur

3. gr.

1. Við störf sín verður umboðssölumaður að taka fyllsta tillit til hagsmuna umbjóðandans auk þess að sýna skyldurækni og heiðarleika.

2. Umboðssölumanni ber sér í lagi:

- a) að beita sér tilhlýðilega varðandi samningsgerð og koma á þeim viðskiptum sem honum eru falin eftir því sem við á;
- b) að miðla öllum tiltækum upplýsingum sem máli skipta til umbjóðandans;
- c) að fylgja í einu og öllu réttmætum tilmælum umbjóðandans.

4. gr.

1. Í samskiptum sínum við umboðssölumanninn verður umbjóðandinn að koma fram af skyldurækni og heiðarleika.

2. Umbjóðanda ber sér í lagi:

- a) að veita umboðssölumanninum nauðsynleg gögn tengd þeim varningi sem um er að ræða;
- b) að veita umboðssölumanninum nauðsynlegar upplýsingar varðandi umboðssamninginn, sér í lagi láta hann vita innan eðlilegra tímamarka ef hann sér fyrir að viðskiptin verði umtalsvert minni en ætla má að umboðssölumaðurinn hafi gert ráð fyrir.

3. Umbjóðandanum ber einnig að greina umboðssölumanninum frá því innan eðlilegra tímamarka hyggist hann samþykkja, hafna eða hætta við viðskipti sem sá síðarnefndi hefur komið á.

5. gr.

Aðilar mega ekki víkja frá ákvæðum 3. og 4. gr.

III. KAFLI

Þóknun

6. gr.

1. Ef ekki er um samkomulag að ræða milli aðila og stangist slíkt ekki á við beitingu skylduákvæða aðildarríkjanna um upphæð þóknunar skal umboðssölumaður eiga rétt á þóknun sambærilegri þeirri sem venja er að greiða umboðssölumönnum með umboð fyrir þær vörutegundir sem samningur hans tekur til, á svæðinu þar sem hann starfar. Ef engin slík venja er fyrir hendi skal umboðssölumaðurinn eiga rétt á eðlilegri þóknun með hliðsjón af því hvaða viðskipti eiga í hlut.

2. Sá hluti þóknunar sem háður er fjölda eða upphæð viðskiptasamninga skal teljast umboðslaun samkvæmt skilningi þessarar tilskipunar.

3. 7.–12. gr. gildir ekki ef þóknun umboðssalans er ekki að hluta eða að öllu leyti umboðslaun.

7. gr.

1. Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings:

- a) hafi viðskiptin komist á í beinu framhaldi af vinnu hans,
- b) hafi viðskipti komist á við þriðja aðila sem hann hefur áður átt sambærileg viðskipti við.

2. Umboðssölumaður skal einnig eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem komið var á á gildistíma umboðssamnings:

- hafi slík viðskipti tekist á landsvæði eða við hóp viðskiptamanna sem honum hefur verið falinn,
- eða hafi hann einkarétt á ákveðnu landsvæði eða ákveðnum hópi viðskiptamanna,

og hafi viðskipti tekist við aðila sem tilheyrir slíku landsvæði eða viðskiptamannahópi.

Aðildarríkin skulu taka upp í löggjöf sína annan hvorn valkostinn sem um getur í undirlíðunum hér að ofan.

8. gr.

Umboðssölumaður skal eiga rétt á umboðslaunum af viðskiptum sem fara fram eftir að umboðssamningur fellur úr gildi:

- a) ef rekja má viðskiptin að mestu leyti til vinnu hans á meðan umboðssamningurinn var enn í gildi og hafi verið stofnað til viðskiptanna innan hæfilegs tíma frá því að honum lauk; eða

- b) ef pöntun þriðja aðila, samkvæmt þeim skilyrðum sem vikið er að í 7. gr., barst umbjóðanda eða umboðssala áður en umboðssamningurinn féll úr gildi.

9. gr.

Réttur umboðssölu­manns til umboðslauna samkvæmt 7. gr. fellur niður ef fyrirrennari hans á rétt á þeim samkvæmt 8. gr., nema réttlæt­anlegt sé með tilliti til aðstæðna að skipta umboðslaun­unum á milli þeirra.

10. gr.

1. Umboðslaunin skulu gjaldkræf jafnskjótt og svo framarlega sem eitt af eftirtöldu á við:

- a) umbjóðandinn hefur þegar gengið frá viðskiptunum; eða
- b) umbjóðandinn ætti í samræmi við samkomulag sitt við þriðja aðila að hafa gengið frá viðskiptunum; eða
- c) þriðji aðili hefur þegar gengið frá viðskiptunum.

2. Umboðslaunin skulu gjaldkræf í síðasta lagi þegar þriðji aðili hefur gengið frá sínum hluta viðskiptanna eða hefði verið búinn að því ef umbjóðandinn hefði staðið við sinn hlut eins og honum bar.

3. Umboðslaunin skal eigi greiða síðar en síðasta dag næsta mánaðar á eftir ársfjórðungnum sem þau gjaldféllu í.

4. Óheimilt er að gera samkomulag um frávík frá 2. og 3. mgr. sem skaðar afkomu umboðssölu­mannsins.

11. gr.

1 Réttur til þóknunar fellur því aðeins niður ef og svo framarlega sem:

- sannað er að samningurinn milli þriðja aðila og umboðssala kemur ekki til framkvæmda, og
- því valda ástæður sem ekki verða raktar til umboðssalans.

2. Falli réttur til þóknunar, sem umboðssölu­manni hefur þegar verið greidd, niður skal hann endurgreiða þóknunina.

3. Óheimilt er að gera samkomulag um frávík frá 1. mgr. sem skaðar afkomu umboðssölu­mannsins.

12. gr.

1. Fyrir síðasta dag næsta mánaðar á eftir ársfjórðungnum sem umboðslaunin urðu gjaldkræf í, skal umboðssalinn láta umboðssölu­manni í té yfirlýsingu um gjaldfallin um-

boðslaun. Í yfirlýsingunni skulu koma fram helstu liðir sem lagðir eru til grundvallar útreikningi umboðslaunanna.

2. Umboðssölu­maður skal hafa heimild til að krefjast allra nauðsynlegra upplýsinga sem umbjóðandinn hefur aðgang að, meðal annars útdráttar úr bókhaldi hans, í þeim tilgangi að reikna út upphæð þeirra umboðslauna sem honum ber.

3. Óheimilt er að gera samkomulag um frávík frá 1. og 2. mgr. sem skaðar afkomu umboðssölu­mannsins.

4. Tilskipun þessi skal ekki stríða á móti ákvæðum í einstökum aðildarríkjum sem heimila umboðssölu­manni aðgang að bókhaldi umbjóðanda.

IV. KAFLI

Gerð og uppsögn umboðssamninga

13. gr.

1. Hvor aðili um sig skal, sé þess óskað, eiga rétt á að fá frá hinum undirritað skjal þar sem fram koma efnisatriði umboðssamningsins ásamt hugsanlegum viðbótarákvæðum. Óheimilt er að fella þennan rétt gagnkvæmt niður.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríki kveðið á um að umboðssamningur sé ógildur að því undanskildu að til staðar séu skrifleg sönnunargögn.

14. gr.

Ef báðir aðilar vinna áfram samkvæmt tímabundnum umboðssamningi eftir að hann fellur úr gildi skal lit­ið svo á að samningurinn breytist í ótímabundinn umboðssamning.

15. gr.

1. Ef gerður er ótímabundinn umboðssamningur getur hvor aðili um sig sagt honum upp með fyrirvara.

2. Uppsagnarfrestur skal vera einn mánuður á fyrsta ári samningsins, tveir mánuðir frá byrjun annars árs, þrír mánuðir frá byrjun þriðja árs og þaðan í frá. Aðilum er óheimilt að semja sín á milli um styttri uppsagnarfrest.

3. Aðildarríkjum er heimilt að ákvarða uppsagnarfrestinn með þeim hætti að hann verði fjórir mánuðir á fjórða samningsári, fimm á því fimmta og sex á því sjötta og þaðan í frá. Þau geta kveðið á um að aðilum sé óheimilt að semja

um styttri uppsagnarfrest.

4. Ef aðilar komast að samkomulagi um lengri uppsagnarfrest en kveðið er á um í 2. og 3. mgr. skal uppsagnarfrestur sá sem umbjóðandinn verður að hlíta eigi vera skemmri en sá sem umboðssölumaðurinn verður að hlíta.

5. Ef ekki er um annað samið skal lok uppsagnarfrests bera upp á lok almanaxsmánaðar.

6. Ákvæði þessarar greinar gilda um tímabundinn umboðssamning sem samkvæmt 14. gr. breytist í ótímabundinn umboðssamning, þannig að taka verður fullt tillit til lengdar tímabundna samningsins sem á undan fór við ákvörðun uppsagnarfrests.

16. gr.

Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki nemi umboðssamning fyrirvaralaust úr gildi sé slíkt heimilt samkvæmt lögum þess ríkis:

- a) vegna þess að annar hvor samningsaðila bregst skyldum sínum að hluta eða öllu leyti;
- b) eða vegna óvenjulegra aðstæðna.

17. gr.

1. Aðildarríkjum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umboðssölumenn hljóti bætur í samræmi við 2. mgr. eða skaðabætur í samræmi við 3. mgr. komi til slita umboðssamnings.

2. a) Umboðssölumaður skal eiga rétt á bótum ef og svo framarlega sem:
 - hann hefur aflað umbjóðanda sínum nýrra viðskiptamanna eða aukið verulega viðskiptin við þá sem fyrir voru og umbjóðandinn heldur áfram að hafa umtalsverðan hagnað af viðskiptum sínum við þessa viðskiptamenn, og
 - greiðsla bótanna er réttlæt看anleg með hliðsjón af aðstæðum og einkum vegna þeirra umboðslauna sem umboðssölumaðurinn fór á mis við og tengdust viðskiptum við þessa viðskiptamenn. Aðildarríki geta einnig við slíkar aðstæður ákveðið að grípa til lagaákvæða um viðskiptatakmarkanir samkvæmt skilningi 20. gr.
- b) Upphæð bótanna getur ekki orðið hærri en sem nemur eins árs þóknun umboðssölu-manns samkvæmt meðaltalsþóknun hans á ári síðastliðin fimm ár og hafi samstarf aðila staðið skemur en fimm ár ákvarðast upphæðin af meðaltalsþóknun þess tíma sem um er að ræða.

c) Greiðsla bóta af þessu tagi kemur ekki í veg fyrir að umboðssölumaður geri kröfu til skaðabóta.

3. Umboðssölumaður skal eiga rétt á skaðabótum vegna tjóns sem hann verður fyrir vegna samningsrofs við umbjóðanda sinn.

Telja verður að um slíkt tjón sé að ræða þegar til samningsrofs kemur með eftirfarandi hætti:

- umboðssölumaður verður af umboðslaunum sem hann hefði fengið ella samkvæmt samningi, en umbjóðandinn hagnast verulega vegna starfa umboðssölu-manns,
- og/eða hafi umboðssölu-manni ekki veist tóm til að greiða niður útlagðan kostnað vegna starfa sinna samkvæmt samningi við umbjóðandann.

4. Réttur til bóta eins og kveðið er á um í 2. mgr., eða skaðabóta eins og kveðið er á um í 3. mgr., skal einnig koma fram ef til samningsrofs kemur vegna andláts umboðssölu-manns.

5. Umboðssölumaður verður af bótum í tilvikum sem kveðið er á um í 2. mgr. og skaðabótum í tilvikum sem kveðið er á um í 3. mgr. ef meira en eitt ár líður frá samningsrofi án þess að hann tilkynni umbjóðanda sínum um að hann hyggist neyta réttar síns.

6. Innan átta ára frá birtingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið skýrslu um framkvæmd þessarar greinar ásamt tillögum um breytingar ef nauðsyn krefur.

18. gr.

Ekki þarf að greiða bætur eða skaðabætur sem um getur í 17. gr. ef:

- a) umbjóðandi rýfur umboðssamning vegna vanrækslu sem rekja má til umboðssölu-manns og varðað hefði fyrirvaralausri riftun umboðssamnings samkvæmt landslögum;
- b) umboðssölumaður rýfur umboðssamning án þess að réttlæta megi riftunina af ástæðum sem rekja má til umbjóðandans, eða vegna aldurs, heilsubreysts eða veikinda umboðssölu-mannsins sem gerir honum ókleift að halda starfsemi sinni áfram;
- c) umboðssölumaður, með samþykki umbjóðanda, afsalar sér samningsbundnum réttindum og skyldum til annars einstaklings.

19. gr.

Aðilum er óheimilt að víkja frá ákvæðum 17. og 18. gr. á gildistíma umboðssamnings leiði það til skertrar afkomu umboðssölu-mannsins.

20. gr.

1. Að því er þessa tilskipun varðar merkir ákvæði um viðskiptatakmarkanir, samkomulag um takmarkanir á viðskiptum umboðssöluumanns í kjölfar riftunar umboðssamnings.
2. Ákvæði um viðskiptatakmarkanir skal aðeins gilda ef og svo framarlega sem:
 - a) það liggur fyrir skriflegt; og
 - b) það tengist því landsvæði eða þeim hópi viðskiptamanna sem umboðssölumanninum hefur verið falinn og taki til vöruflokka sem um getur í umboðssamningi.
3. Ákvæði um viðskiptatakmarkanir skulu falla úr gildi tveimur árum eftir að umboðssamningi er rift.
4. Grein þessi hefur ekki áhrif á ákvæði landslaga sem mæla fyrir um aðrar takmarkanir á gildissviði og beitingu ákvæða um viðskiptatakmarkanir eða sem heimila dómstólum að draga úr kvöðum aðila sem af slíku samkomulagi hljóttast.

V. KAFLI

Almenn ákvæði og lokaákvæði

21. gr.

Ekkert af því sem fram kemur í þessari tilskipun skal leggja þær kvaðir á aðildarríki að það greini frá upplýsingum sem kynnu að raska allsherjarreglu.

22. gr.

1. Aðildarríkjum ber að setja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1990. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Slík ákvæði skulu hið minnsta taka til samninga sem gerðir eru eftir gildistöku þeirra. Þau skulu taka til gildandi samninga í síðasta lagi frá og með 1. janúar 1994.
2. Eftir birtingu þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði í lögum og stjórnisýslufyrirmæli á því sviði sem hún tekur til.
3. Hvað snertir Írland og Breska konungsríkið skal dagsetningin í 1. mgr. vera 1. janúar 1994 í stað 1. janúar 1990.
4. Hvað snertir Ítalíu skal dagsetningin 1. janúar 1993 koma í stað 1. janúar 1990 varðandi skuldbindingar sem leiða af 17. gr.

23. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

M. JOPLING

forseti.